



Ársskýrsla

2012



Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	9
Áritun óháðs endurskoðanda	10
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymisyfirlit	14
Skýringar	15

Skýrsla framkvæmdastjóra 2012

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2012 gefur til kynna að enn eru blikur á lofti hvað varðar verðbólgu og gengislækk-anir, en þó verður að telja að væntingar um að gengi íslensku krónunnar styrkist minnki með hverjum mánuði sem líður frá svokölluðu hruni íslensku bankanna.

Heildartekjur HEF á árinu 2012 samkvæmt rekstrareikningi námu 313,6 millj. kr. samanborið við 291,5 millj. kr. árið 2011 og hækka því um 7,6% milli ára. Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 133,8 millj. kr. samanborið við 116,5 millj. kr. á árinu 2011 og hækka um 14,8% frá fyrra ári. Fastagjald nam 18,7 millj. kr. 2012 en 16,2 millj. kr. árið 2011 og hækkar því um 15,4%. Álögð fráveitugjöld voru 87,1 millj. kr.. Álögð vatnsgjöld 2012 voru 65,8 millj. kr. samanborið við 61,1 millj. kr. árið 2011 sem er um 7,7% hækkun. Aðrar tekjur eru 8,2 millj. kr., en voru 16,6 millj. kr. árið 2011 og lækka því um 49,4%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 125,2 millj. kr. samanborið við 116,5 millj. kr. árið 2011 og hækka því um 7,2% milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 188,4 millj. kr. samanborið við 174,7 millj. kr. hagnað árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 60,1% samanborið við 59,9% frá árinu 2011.

Afskriftir námu 71,8 millj. kr. samanborið við 64,5 millj. kr. árið 2011.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam því 116,6 millj. kr. samanborið við 110,2 millj. kr. árið 2011. Hrein fjármagnsgjöld námu 91,6 millj. kr. samanborið við 107,0 millj. kr. árið 2011.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 23,9 millj. kr. samanborið við 2,4 millj. kr. hagnað árið 2011. Reiknaður tekjuskattur er jákvæður sem nemur 0,5 millj. kr. Rekstrarniðurstaða er því 24,4 millj. kr. í hagnað samanborið við 51,5 millj. kr. árið 2011.

Efnahagsreikningur


Heildareignir félagsins í árslok 2012 samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.753,9 millj. kr. samanborið við 1.779,4 millj. kr. í árslok 2011. Óefnislegar eignir námu 1,3 millj. kr. í árslok 2012, en þetta eru vatnsréttindi sem eru gjaldfærð á 50 árum. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 1.603,2 millj. kr. í árslok 2012 samanborið við 1.624,3 millj. kr. árið 2011.

Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 90,7 millj. kr. í árslok, en voru 92,8 millj. kr. í árslok 2011. Þar af nemur skatteign 81,6 millj. kr.


Samkvæmt efnahagsreikningi námu viðskiptakröfur félagsins 18,2 millj. kr. í árslok 2012 samanborið við 40,7 millj. kr. í árslok 2011, skýrist þessi munur á því að í árslok 2011 var stór hluti tengigjalda Vallaveitu í útistandandi reikningum.

Eigið fé félagsins er 343,2 millj. kr. í árslok 2012 samanborið við 318,7 millj. kr. í árslok 2011 og er eiginfjárlutfall félagsins 19,6% samanborið við 17,9% í árslok 2011. Eiginfjárlutfallið hefur vaxið jafnt og nokkuð stöðugt frá árinu 2009 er það var 6,9%.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Hagnaður EBITDA í millj. kr.



Skuldir

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.410,8 millj. kr. í árslok 2012 samanborið við 1460,7 millj. kr. í árslok 2011 og hafa því lækkað um 3,4%.

Langtímaskuldir námu alls 1.295,2 millj. kr. í árslok, samanborið við 1349,8 millj. kr. árið áður og nemur lækkun á milli ára um 4,2% eða 54,6 millj. kr.

Skammtímaskuldir námu 115,5 millj. kr. í árslok 2012 samanborið við 110,9 millj. kr. í árslok 2011 og hafa því hækkað um 4,1% á milli ára eða 4,6 millj. kr.

Veltufjárhlutfall er 0,51 í árslok 2012 samanborið við 0,55 árið áður, æskilegt er að veltufjárhlutfallið sé að jafnaði 0,7-1,0 þannig að veltufjármunir á hverjum tíma nægi til greiðslu skammtímaskulda.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 137,6 millj. kr. á árinu 2012 eða 43,9% af heildartekjum ársins samanborið við 131,4 millj. kr. á árinu 2011 og er þetta hækkan um 6,2 millj. kr. eða 4,7%.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 148,4 millj. kr. samanborið við 202,2 millj. kr. árið 2011.

Fjárfestingar námu samtals 50,0 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 28,4 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 12,9 millj. kr. og fjárfestingar fráveitu 9,6 millj. kr.

Fjármögnunarhreyfingar ársins voru neikvæðar um 86,1 millj. kr. Engar lántökur voru á árinu en afborganir af langtímalánum námu samtals 67,3 millj. kr. Þar af var greitt lán við Fljótsdals-hérað 6,0 millj. kr. Afborganir leiguskulda námu 18,6 millj. kr. og breyting skammtímaskulda við lánastofnanir nam 0,2 millj. kr.

Handbært fé hækkar því á árinu 2012 um 12,3 millj. kr. og nam í árslok 32,5 millj. kr.

Viðskiptakröfur


Samkvæmt efnahagsreikningi námu viðskiptakröfur félagsins 40,7 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 21,2 millj. kr. í árslok 2010. Þar af nam niðurfærsla viðskiptakrafna 16,1 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 14,9 millj. kr. í árslok 2010.

Starfsemin á árinu


Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urr-iðavatn nam um 1.568.000 tonnum, meðalvinnsla er því 49,8 lítrar/sek. eða um 179 þús. lítrar á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikill vindur og frost tvöfaldast heitavatns-notkunin og er þá um 330 þúsund lítrar á klukkustund. Ársmeðalhiti 2012 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 4,0° C eða um 0,3°C lægri en meðalhiti undangengin 11 ár.

Sala á heitu vatni í rúmmetrum talið jókst um 42.300 tonn og varð samtals 1.501.000 tonn á árinu 2012 og nemur aukningin um 8,6 % frá fyrra ári. Heildartekjur af heitavatnssölu nema árið 2012 152,8 millj. kr. og hækka um 8,6 millj. kr. frá fyrra ári eða um 5,9%.


Meðal gjaldfrestur í dögum



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.



Stærstu notendur eru eins og áður Haustak hf. með um 133 þús. tonn, en var með 146 þús. tonn 2011 og Sundlaug Egilsstaða með um 76 þús. tonn. Notkun á heitu vatni til afbræðslu á íþróttavöllum var um 56 þús. tonn og er aukning um 15% frá árinu 2011. Vegna mikilla viðskipta fá þessir aðilar magnafslátt sem nam 13,7 millj. kr. árið 2012. Gróðurhúsin hjá Barra eru með um 26 þús. tonna heitavatnsnotkun og er orkuverð til þeirra um 2,45 kr/kWh.


Tekjur hitaveitunnar af almennri sölu er um 115,7 millj. kr. þar af eru tekjur vegna Vallaveitu 10,1 millj. kr. Almenn orkuverð til húshitunar á veitusvæði hitaveitunnar er með því lægsta á landinu.

Verkefni veitunnar eru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns- og fráveitulagna. Einnig var endurnýjaður búnaður í nokkrum hitaveitubrunnum. Þá var stýrikerfi og eftirlitsbúnaður endurnýjaður að mestu en hann var að meginhluta frá árinu 2000.

Meiri dæling frá kyndistöðinni í Fellabæ hefur kallað á betri og öruggari búnað í dælum og í varaafli rafmagns, en rafmagnstruflanir og óstöðugur straumur í dreifikerfi Rarik og Landsnets hefur orsakað fjölda smábilana í tækja- og samskiptabúnaði veitunnar. Um þessar mundir er verið að ganga frá tengingum við varaafstöð (diesel) í kyndistöðinni og er ætlunin að bæta við skerpuðælu nú á þessu ári í kyndistöðina til að auka afhendingaröryggi heita vatnsins. Lagnakerfi hitaveitunnar eru rúmir 84 km. að lengd.

Rekstur hitaveitukerfis gekk ágætlega og nam rekstrarkostnaður 23,9 millj. kr. samanborið við 20,3 millj. kr. árið 2011 sem er hækkun um 3,6 millj. kr., munar þar mestu á hækkun á rafmagnskostnaði um 1,4 millj. kr. og hækkun á viðhaldi dreifikerfis um 2,2 millj. kr.

Hlutfallsleg skipting sölutekna ársins 2012



Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og er í dag dælt frá þremur borholum. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2012 er 788 þúsund tonn sem fer í dreifikerfið á Egilsstöðum, Fellabæ og að Finnsstöðum í Eiðabínghá. Árið 2011 nam þessi vatnsnotkun 687 þúsund tonnum eða um 101 þúsund tonnum minni notkun en árið 2012, skýringar á þessum mikla vatnsaustri árið 2012 eru tveir stórir lekar á stofnæðum dreifikerfis á Egilsstöðum, lætur nærri að kaldavatnsnotkun sé hálfdrættingur miðað við heitavatnsnotkun veitusvæðisins.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 70,5 millj. kr. og hækkaði um 5,9 millj. kr. frá fyrra ári eða sem nemur 9,2%, sem á sér skýringar, m.a. þær að vatnsveituvæðið hefur stækkað inn á Velli og sala samkvæmt mælum er 1,2 millj. kr. hærri en árið 2011.

Töluvert var um bilanir smáar og stórar í dreifikerfi kaldavatnsins á Egilsstöðum og í Fellabæ sem greiðlega gekk að lagfæra í flestum tilfellum eftir að lekarnir höfðu á annað borð fundist. Eftir því sem fram líða stundir eykst vitneskja okkar um lagnaleiðir kaldavatnsins í dreifikerfinu og upprættir verða þar af leiðandi áreiðanlegri.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel og hafa sýnatökur og eftirlit úr vatnveitukerfum staðist gæðakröfur. Kostnaður við rekstur vatnsveitunnar er um 11,8 millj. kr. og lækkar um 3,0 millj. kr. frá fyrra ári og eru skýringar helstar að viðhald á dælubúnaði og í dreifikerfi lækkaði um 4,0 millj. kr.

Álögð gjöld fráveitu voru 87,2 millj. kr. og er hækkun frá fyrra ári 6,1 millj.kr.eða 7,5%. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis

nam 30,9 millj. kr. og hefur lækkað um 1,9 millj. kr. frá árinu 2011. Munar þar mestu um 0,7 millj. kr. í minni rafmagnskaup til hreinsivirkja, en samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarsamningar vegna hreinsivirkja í gildi fram til ársins 2027. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar voru 153 rotþrær í dreifbýli árið 2012. Helstu liðir í rekstri fráveitukerfis er viðhald dreifikerfis fyrir 16,6 millj. kr. 11,3 millj. kr. fara í rekstur hreinsivirkja og 2,5 millj. kr. í kaup á raforku fyrir hreinsivirki og dælubrunna.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu að þar sem því verður við komið er reynt að skilja á milli skolps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu, með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt lækka rekstrarkostnaður.

Yfir 100 fráveituverkefni eru komin á verkefnaskrá sem stefnt er á að leysa á næstu árum.

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna og rafmagnsveitna, samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna og ekki síst þeirra sem eru í smærri kantinum.

HEF á um 45% eignarhlut í Skógarorku á Hallormsstað og skv. ársreikningi er eignarhluturinn á bókfærðu verði um 8,5 millj. kr.

Ekki kom til neinna langtímalántöku árið 2012, þrátt fyrir 50,9 millj. kr. í nýframkvæmdir og 67,2 millj. kr. í afborganir af langtímalánum.

Útgefni áætlanarreikningar voru um 15.000, alls voru gerðir um 21 þúsund reikningar í orkukerfinu þar með taldir eru uppgjörreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Álestur af hitaveitu- og vatnsmælum fór fram í nóvember, er hann í höndum sömu einstaklinga sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka hafa aukist nokkuð á undanförunum misserum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur hefur að jafnaði verið gerður fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

Nýframkvæmdir

Á árinu 2012 var fjárfest fyrir tæpar 50,0 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir um 28,4 millj. kr., nýr rafmagns diesel varaafsbúnaður með breytingum á stjórnþúnaði og gagnaöflun 10,2 millj. kr. Stofnlagnir í dreifbýli Vallaveitu og Eiðþinghá 13,2 millj. kr. Endurnýjun dreifikerfis og heimæða um 5,0 millj. kr.


Í vatnsveitunni var boruð ný borhola á Köldukvíslarsvæðinu KVV-3, sem staðsett var af Ómari Bjarka jarðfræðingi hjá jarðfræðistofunni Stapa. Stóðst þessi framkvæmd allar væntingar. Lokið var við virkjun borholunnar í september 2012 og er afkastageta nýju holunnar 25 - 30 lítrar á sekúndu, heildarkostnaður um 10,4 millj. kr. Með þessari framkvæmd er öryggi vatnsöflunar vel viðunandi. Endurnýjun dreifikerfis og heimæða var um 2,5 millj. kr. en samtals var fjárfest hjá vatnsveitunni fyrir um 12,9 millj. kr.

Í fráveitunni var gerð verðkönnun í 10 smáverk í maímánuði, gögn voru send á fimm verktaka og svaraði einn tilbodsgerðinni. Samið var við Jónsmenn ehf. um þessa verkþætti sem flest allir áttu það sameiginlegt að skilja á milli regnvatns, bakrásarvatns hitaveitu og skolps. Samtals var fjárfest í fráveitunni fyrir um 9,6 millj. kr.

Skipting sölu 2012


Tegund sölu	Fjöldi húsveitna	Sala um mæla þús. m ³	Heildartekjur þús. kr.
Almenn sala	1.197	1.206,7	113.074,4
Iðnaður	1	132,8	6.365,4
Íþróttamannvirki	3	131,6	7.344,6
Snjóbræðsla	1	3,9	378,1
Gróðurhús	2	25,9	1.843,4
Samtals	1.204	1.501,0	129.005,9

Eigið fé í millj. kr.



Verkefni og framtíðarsýn

Veltufjórhlutfall



Fráveitumál munu án efa verða fyrirferðarmikil í umræðunni á næstu árum og þá kannski ekki síst frá þeim sjónarhóli hvað sveitarfélögum er mismunað um kostnað varðandi hreinsun og úrvinnslu á fráveituvatni með tilliti til hvort þéttbýliskjarnarnir liggja að sjó eða eru í innsveitum landsins eins og á við í okkar tilfalli. Þeir þéttbýliskjarnar sem hafa aðgang að sjó, grófhreinsa fráveituvatnið og dæla því síðan í sjó fram og sannast þar hið fornkefna að lengi tekur sjórinn við. Kröfur sem opinberir aðilar gera til þéttbýliskjarna í innsveitum um hreinsun á fráveituvatni hafa í för með sér margfaldan kostnað miðað við þau þéttbýli er liggja að sjó, því tel ég það sanngjarnt og eðlilegt að jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi að þessum málum til að jafna hlut sveitarfélaga við rekstur fráveitna, eða eins og segir í 8. gr. um hlutverk jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Megin áhersla í framkvæmdum dreifikerfis fráveitu á næstu árum og það kostnaðarsamasta verður að skilja á milli skolps, regnvatns og bakrásarvatns hitaveitu.


Helstu verkefni í vatnsveitumálum er að koma á tengingum gagna og stýribúnaði við vatnsveitu Eiða og á Hallormsstað við tölu og tækjabúnað hitaveitunnar, endurnýja lagnir í dreifikerfi á Egilsstöðum og í Fellabæ, æskilegt er að þær framkvæmdir séu samhliða endurnýjun og viðhaldi í gatnagerðarframkvæmdum.

Löngu tímabært er orðið að endurnýja stofnlögn frá Fellabæ að Egilsstöðum og er fyrsti áfangi kominn af stað, það er endurnýjun lagnar yfir Lagarfljótsbrú. Annar áfangi er áætlaður frá Vegagerðinni í Fellabæ að Lagarfljótsbrú. Haustið 2012 hófst vinna við hitaveitu og vatnsveitulagnir að Fossgarði og Finnsstöðum, jafnvel að Þrándarstöðum. Þeirri vinnu verður haldið áfram á þessu ári. Vegna jarðvegsframkvæmda við hjúkrunarheimilið á Egilsstöðum hafa verið og verða töluverðar breytingar á lögnum veitnanna.

Árið 2012 tókust samningar milli eigenda Ekkjufellssels ehf. og Fljótsdalshéraðs um ráðstöfunarrétt á landi í nánd við Barra og Haustak. Þetta svæði hentar einkar vel til iðnaðar. Það væri góð framtíðarsýn að sjá fyrir sér gróðrarstöðvar með öflugra grænmetis- og matvælaframleiðslu sem byggðist á notkun heitavatnsins, það er umhugsunarefni hvers vegna þessi framleiðsla er ekki fyrir löngu hafin á veitusvæði okkar þar sem krafist er mikillar heitavatnsnotkunar. Ylströnd við Urriðavatn yrði örugglega kærkominn kostur fyrir ferðaþjónustu og íbúa svæðisins. Þegar gerð jarðganga hefst milli Héraðs og Seyðisfjarðar, munum við sameina þessi sveitarfélög og Seyðisfjarðarkaupstaður verður hitaður upp með vatni frá dælustöðvum hitaveitunnar við Urriðavatn.

Guðmundur Davíðsson
Framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Hlutfallsleg breyting vísitölu og verðs á heitu vatni frá HEF



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 24,4 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.753,9 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 343,2 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 19,6%.

Í árslok 2012 nam hlutfé félagsins 433,3 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Engar breytingar urðu á hluthöfum félagsins á árinu en allt hlutfé félagsins er í eigu sveitarfélagsins Fljótshálsa.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2013 vegna rekstrarársins 2012, en vísar að öðrum leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2012 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 11. febrúar 2013

Í stjórn fyrirtækisins:

Þorvaldur P. Hjarðar
Helgi Ómar Bragason
Gunnar Jónsson
Árni Kristinsson
Skúli Björnsson

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Davíðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 11. febrúar 2013

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		133.756.574	116.457.712
Álögð vatnsgjöld		65.811.033	61.136.992
Álögð fráveitugjöld		87.144.673	81.063.917
Fastagjöld		18.665.172	16.221.678
Aðrar tekjur		8.195.831	16.664.194
		<u>313.573.283</u>	<u>291.544.493</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	4	39.851.806	30.998.349
Rekstur veitukerfa		66.669.927	67.974.645
Annar rekstrarkostnaður		18.645.661	17.828.258
		<u>125.167.394</u>	<u>116.801.252</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		188.405.889	174.743.241
Afskriftir	7	<u>71.836.422</u>	<u>64.482.157</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		116.569.467	110.261.084
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	(91.589.169)	(107.024.700)
Áhrif hlutdeildarfélags		<u>(1.083.255)</u>	<u>(802.648)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		23.897.043	2.433.736
Tekjuskattur ársins	2i, 11	<u>544.777</u>	<u>49.037.120</u>
Hagnaður ársins	14	<u>24.441.820</u>	<u>51.470.856</u>

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2012	2011
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	2d, 6		1.312.187	1.366.861
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi			418.099.333	419.176.714
Fráveitukerfi			237.073.851	240.236.106
Borholur og dreifikerfi hitaveitu			764.095.177	772.780.122
Kyndistöð, áhöld og búnaður			25.500.396	20.815.026
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu			158.493.095	171.319.722
	2f, 7		<u>1.603.261.852</u>	<u>1.624.327.690</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	2h, 8		8.464.384	9.547.639
Tekjuskattseign	2i, 11		81.572.817	81.028.040
Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum	2j, 12		685.274	2.216.450
			<u>90.722.475</u>	<u>92.792.129</u>
		Fastafjármunir	<u>1.695.296.514</u>	<u>1.718.486.680</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2k, 13		18.243.457	40.725.485
Kröfur á tengda aðila			7.816.697	0
Aðrar skammtímakröfur			100.148	91.722
Handbært fé	2l		32.474.504	20.125.398
		Veltufjármunir	<u>58.634.806</u>	<u>60.942.605</u>
		Eignir samtals	<u><u>1.753.931.320</u></u>	<u><u>1.779.429.285</u></u>

31. desember 2012

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2012	2011
Eigið fé:			
Hlutafé		433.306.421	433.306.421
Ójafnað eigið fé		(90.140.055)	(114.581.875)
	Eigið fé 14	<u>343.166.366</u>	<u>318.724.546</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	15	926.908.647	965.525.541
Skuldir við tengda aðila		0	5.989.819
Leiguskuldir	16	275.624.025	283.080.202
Fyrirframinnheimtar tekjur	17	92.698.295	95.221.748
		<u>1.295.230.967</u>	<u>1.349.817.310</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	207.840
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	59.678.379	53.133.229
Næsta árs afborganir skulda við tengda aðila		0	1.996.607
Næsta árs afborganir leiguskulda	16	20.267.804	18.603.350
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	17	2.522.459	2.521.465
Viðskiptaskuldir		15.761.938	18.874.439
Skammtímaskuld við tengda aðila		0	1.194.193
Aðrar skammtímaskuldir		17.303.407	14.356.306
		<u>115.533.987</u>	<u>110.887.429</u>
	Skuldir samtals	<u>1.410.764.954</u>	<u>1.460.704.739</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.753.931.320</u>	<u>1.779.429.285</u>

Skuldbindingar utan efnahags 19

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

h. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi er eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í hreinni eign þeirra.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattsinnæign

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

j. Verðbréfaeign

Félagið á í skulda- og peningamarkaðssjóðum Íslenskra verðbréfa hf. samtals að fjárhæð 0,7 millj. kr. og er verðbréfaeignin færð til eignar í samræmi við viðskiptagengi í lok árs. Umræddir sjóðir eru í slitaferli og ráðast útgreiðslur af afborgunum skuldabréfa og sölu eigna. Þar sem óvissa er um hvenær útgreiðslur fara fram eru ekki færðar næsta árs afborganir meðal veltufjármuna.

k. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

l. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2012				
Rekstrartekjur	152.861.474	73.477.136	87.234.673	313.573.283
Rekstrargjöld	84.652.903	39.526.125	72.824.788	197.003.816
Rekstrarafkoma starfsþátta	68.208.571	33.951.011	14.409.885	116.569.467
Óskiptir liðir				
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			(91.589.169)	
Tekjuskattur			544.777	
Áhrif hlutdeildarfélags			(1.083.255)	
Hagnaður ársins			24.441.820	
Hagnaður EBITDA	100.425.935	47.949.686	40.030.268	188.405.889
Eignir starfsþátta	790.907.760	418.099.333	395.566.946	1.604.574.039
Óskiptar skuldir			1.410.764.954	
Fjárfestingar	28.411.115	12.921.294	9.631.501	50.963.910
Afskriftir	32.217.364	13.998.675	25.620.383	71.836.422
	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2011				
Rekstrartekjur	144.383.810	66.032.993	81.127.690	291.544.493
Rekstrargjöld	69.324.965	39.845.195	72.113.249	181.283.409
Rekstrarafkoma starfsþátta	75.058.845	26.187.798	9.014.441	110.261.084
Óskiptir liðir				
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			(107.024.700)	
Tekjuskattur			49.037.120	
Áhrif hlutdeildarfélags			(802.648)	
Hagnaður ársins			51.470.856	
Hagnaður EBITDA	99.908.162	40.083.410	34.751.669	174.743.241
Eignir starfsþátta	794.962.009	419.176.714	411.555.828	1.625.694.551
Óskiptar skuldir			1.460.704.739	
Fjárfestingar	235.530.711	13.691.085	3.045.459	252.267.255
Afskriftir	24.849.317	13.895.612	25.737.228	64.482.157

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins greinast þannig:

	2012	2011
Laun	30.772.503	26.671.371
Áunnið orlof, breyting	1.505.959	(119.205)
Launatengd gjöld	7.573.344	6.729.874
Eignfærð laun og launatengd gjöld	0	(2.283.691)
Laun og launatengd gjöld samtals	39.851.806	30.998.349
Fjöldi starfsmanna í árslok	4	3

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 17,4 millj. kr. á árinu 2012.

Skýringar, frh.:

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2012	2011
Vaxtatekjur og verðbætur	1.365.809	12.800
Vaxtagjöld og verðbætur	(72.547.752)	(78.909.240)
Gengismunur	(18.882.901)	(27.556.782)
Niðurfærsla verðbréfaeignar	(1.524.325)	(571.478)
Hrein fjármagnsgjöld	(91.589.169)	(107.024.700)

6. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 50 árum. Þessi liður greinist þannig:

Bókfært verð 1.1.2012	1.366.861
Afskrifað á árinu	(54.674)
Bókfært verð 31.12.2012	1.312.187

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1. 2012	48.460.119	1.388.225.225	583.579.996	459.509.804	2.479.775.144
Afskrifað áður	(27.645.093)	(615.445.103)	(164.403.282)	(219.273.698)	(1.026.767.176)
Bókfært verð 1.1. 2012	20.815.026	772.780.122	419.176.714	240.236.106	1.453.007.968
Fært út vegna sölu	(2.480.000)	0	0	0	(2.480.000)
Viðbót á árinu	7.250.000	21.161.115	12.921.294	9.631.501	50.963.910
Afskrifað á árinu	(2.316.630)	(29.846.060)	(13.998.675)	(12.793.756)	(58.955.121)
Afskrift færð út	2.232.000	0	0	0	2.232.000
Bókfært verð 31.12 2012	25.500.396	764.095.177	418.099.333	237.073.851	1.444.768.757
Heildarverð 31.12 2012	53.230.119	1.409.386.340	596.501.290	469.141.305	2.528.259.054
Afskrifað samtals	(27.729.723)	(645.291.163)	(178.401.957)	(232.067.454)	(1.083.490.297)
Bókfært verð 31.12 2012	25.500.396	764.095.177	418.099.333	237.073.851	1.444.768.757
Afskriftahlutföll	4-33%	2,5-4%	2,5-4%	4%	

Leigðar eignir greinast þannig:

Hreinsivirki í fráveitu 1.1.2012	171.319.722
Afskrifað á árinu	(12.826.627)
Bókfært verð 31.12.2012	158.493.095

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.603.261.852

Afskriftahlutföll

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	32.162.690
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	13.998.675
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	12.793.756
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir	12.826.627
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6	54.674
Fært í rekstrarreikning	71.836.422

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka	44,8%	9.000.000	8.464.384

9. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 30,4 millj. kr. og lóða 15,1 millj. kr., eða samtals 45,5 millj. kr. í árslok 2012. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 136,3 millj. kr.

10. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 521,6 millj. kr. fyrir árið 2012, 361,0 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 592,8 millj. kr. fyrir fráveitu.

11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun	81.028.040
Reiknaður tekjuskattur	544.777
Tekjuskattseign í árslok	81.572.817

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(3.781.897)
Óefnislegar eignir	284.302
Eignarhlutur í félagi	107.123
Viðskiptakröfur	2.269.545
Leiguskuldir	59.178.366
Frestaður gengishagnaður	4.354.838
Yfirfæranlegt tap	57.299.747
	119.712.023
Niðurfærsla skatteignar	(38.139.206)
	81.572.817

12. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign greinist þannig:

Verðbréf í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum	685.274
Verðbréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	685.274

13. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2012	2011
Niðurfærsla í ársbyrjun	16.071.276	14.912.229
Breyting á niðurfærslu ársins	(4.723.552)	1.159.047
Niðurfærsla í árslok	11.347.724	16.071.276

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2012	433.306.421	(114.581.875)	318.724.546
Hagnaður ársins		24.441.820	24.441.820
Eigið fé 31.12.2012	433.306.421	(90.140.055)	343.166.366

Skýringar, frh.:

15. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 4,3-4,6% á gjalddögum til 2027	178.321.546
Óverðtryggð lán, vextir 6,4-6,8% á gjalddögum til 2036	369.291.667
Gengistryggð lán, vextir 0,4%-1,6% á gjalddögum til 2033	438.973.813
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	986.587.026
Næsta árs afborganir	(59.678.379)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	926.908.647

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2012. Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2013	37.729.610	21.948.769	59.678.379
Árið 2014	37.729.610	21.948.769	59.678.379
Árið 2015	37.729.610	21.948.769	59.678.379
Árið 2016	37.729.610	21.948.769	59.678.379
Árið 2017	37.729.610	21.948.769	59.678.379
Síðar	358.965.162	329.229.969	688.195.131
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	547.613.212	438.973.814	986.587.026

16. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	295.891.826
Næsta árs afborgun	(20.267.801)
Samtals langtímahluti leiguskulda	275.624.025

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	6,4%	295.891.826

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2013	43.628.917
Árið 2014	43.628.917
Árið 2015	43.628.917
Árið 2016	43.628.917
Árið 2017	43.628.917
Síðar	289.697.695
Samtals	507.842.280

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2012 42,9 millj. kr.

Skýringar, frh.:

17. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda á dreifikerfum í hitaveitu námu á árinu 3,0 millj. kr. eða um 2% af tekjum hitaveitunnar. Almennt hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins. Í árslok nema fyrirframinnheimtar tekjur vegna tengigjalda 96,5 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld til tekna á 40 árum.

Þá eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 1,2 millj. kr. Sú fjárhæð færir til tekna á næstu 12 árum.

Tekjur að fjárhæð 95,2 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok 2012. Þar færir 2,5 millj. kr. meðal veltufjármuna sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færir til tekna á árinu 2013.

18. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2006 yfirfæranlegt til 2016	3.194.702
Tap ársins 2007 yfirfæranlegt til 2017	9.167.243
Tap ársins 2008 yfirfæranlegt til 2018	239.530.364
Tap ársins 2009 yfirfæranlegt til 2019	34.606.424
Samtals	<u>286.498.733</u>

19. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið samþykkti á árinu að veita hlutdeildarfélagi sínu, Skógarorku ehf., hlutfallslega sjálfskuldarábyrgð (pro rata ábyrgð), í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu, vegna lántöku félagsins hjá Íslandsbanka hf. Eftirstöðvar lánsins námu í árslok 2012 10,9 millj. kr. og nemur ábyrgð HEF því 44,8% þeirrar fjárhæðar eða um 4,9 millj. kr.

Skýringar, frh.:

20. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2012 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 439,0 millj. kr. (2011: 442,0). Hluti fjárfestingareigna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 43,9 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

Skýringar, frh.:

21. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2012	2011	2010	2009	2008
Rekstur:					
Rekstrartekjur	313.573	291.544	186.192	170.111	162.061
Rekstrargjöld án afskrifta	(125.167)	(116.801)	(82.718)	(75.560)	(78.902)
Hagnaður fyrir afskriftir	188.406	174.743	103.474	94.551	83.159
Afskriftir	(71.837)	(64.482)	(37.668)	(32.878)	(38.029)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	116.569	110.261	65.806	61.673	45.130
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(91.589)	(107.025)	(4.748)	(71.302)	(269.437)
Árhrif hlutdeildarfélags	(1.083)	(803)	(656)	2.006	
Hagnaður (tap) ársins fyrir tekjuskatt	23.897	2.433	61.058	(9.629)	(224.307)
Tekjuskattur ársins	545	49.037	(309)	7.838	(5.690)
Hagnaður (tap) ársins	24.442	51.470	60.093	215	(229.997)
Efnahagur:					
Fastfjármunir	1.695.297	1.718.487	1.050.454	1.009.728	856.020
Veltufjármunir	58.635	60.943	25.386	68.276	139.111
Eignir samtals	1.753.932	1.779.430	1.075.840	1.078.004	995.131
Eigið fé	343.166	318.725	136.695	76.602	76.387
Langtímaskuldir	1.295.231	1.349.817	849.859	902.636	836.473
Skammtímaskuldir	115.534	110.887	89.287	98.766	82.271
Eigið fé og skuldir samtals	1.753.931	1.779.429	1.075.841	1.078.004	995.131
	2012	2011	2010	2009	2008
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum	28	47	38	52	26
Veltufé frá rekstri	137.616	129.160	80.672	79.177	65.870
Veltufjárhlutfall	0,51	0,55	0,28	0,73	1,69
Eiginfjárhlutfall	19,6%	17,9%	12,7%	6,9%	7,7%
Arðsemi eiginfjár	7,7%	37,7%	78,4%	(2,3%)	(75,1%)

